

Inngangur

Þessar verklagsreglur tengjast ákvæðum 5. greinar knattspyrnulaganna um að útileikmaður sem þarf að fá mat/meðhöndlun meiðsla sinna innan leikvallar*, eða að meiðsli hans verði til þess að stöðva þurfi leikinn, skuli fara af leikvelli og dvelja utan hans í **eina mínútu** eftir endurræingu leiksins.

**Samkvæmt 5. grein laganna er einungis heimilt að meðhöndla meiðsli innan leikvallar í undantekningartilfellum (sjá hér að neðan).*

Tilgangurinn er að gefa meiðslateyminu nauðsynlegan tíma utan leikvallar til þess að meta meiðsli leikmannsins og taka ákvörðun um hvort þeir geti haldið leik áfram, en einnig til þess að draga úr truflunum á tempói leiksins.

Aðferð

Hvenær þarf að yfirgefa leikvöllinn í eina mínútu?

- Áskilið er að útileikmaður þurfi að yfirgefa leikvöllinn í **eina mínútu** eftir endurræingu leiksins af einni eða fleiri neðangreindra ástæðna:
 - **leikur er stöðvaður** vegna þess að leikmaðurinn er meiddur eða grunur leikur á meiðslum hans.
 - **dómarinn hefur gefið merki** um að **meiðslateymið** megi koma inn á leikvöllinn.
 - dómarinn hefur spurt leikmanninn hvort hann þarfnist aðhlyningar innan leikvallar og **leikmaðurinn hefur óskað eftir því**.
- Gefa ætti meiðslateyminu hæfilegan tíma til þess **meta meiðslin stuttlega** innan vallar, en þeir **mega ekki meðhöndla meiðslin** innan vallar nema að um sé að ræða alvarleg meiðsli.
- Eftir stutt mat á meiðslunum **verður** leikmaðurinn að yfirgefa leikvöllinn (nema í neðangreindum tilfellum) og **dvelja utan hans í eina mínútu** eftir að leikur hefur verið hafinn að nýju (klukkan ekki stöðvuð).

Einnar-mínútu tímabil utan leikvallar

- **Einnar-mínútu** tímabilið utan leikvallar hefst þegar leikur hefur verið hafinn að nýju.
- Dómari mælir **einnar-mínútu** tímabilið, en en hinir í dómarateyminu geta aðstoðað hann við það.
- Leikmaðurinn má einungis koma aftur inn á leikvöllinn með **heimild dómarans**, sem leyfir honum það ekki án þess að ganga úr skugga um að innákoma hans muni ekki trufla leikinn/afla honum ósanngjarns hagnaðar.
- Leikmaðurinn verður að koma inn á frá hliðarlínunni ef boltinn er í leik, en ef boltinn er úr leik má hann koma inn á frá öllum útlínum vallarins
- Ef varamaður kemur inn á í stað hins meidda leikmanns þarf ekki að **bíða með skiptinguna**.
- Ef fyrri hálfleik líkur áður en **einnar-mínútu** tímabilinu er lokið er leikmanninum heimilt að koma inn á strax í upphafi seinni hálfleiks. Þessi meginregla á einnig við um:
 - tímabilið milli loka venjulegs leiktíma og upphafs framlengingar.
 - hálfleik framlengingar.

- tímabilið milli loka framlengingar og upphafs vítaspyrnukeppni.

Leikmaður þarf ekki að yfirgefa leikvöllinn í eina mínútu ef:

- leikmaðurinn:
 - gefur til kynna að hann þurfi ekki á aðhlyningu að halda, nema ef leikur hefur engu að síður verður stöðvaður vegna meiðsla hans, eða
 - yfirgefur leikvöllinn sjálfviljugur á meðan boltinn er í leik eða leikur hefur verið stöðvaður, svo fremi sem það tefur ekki endurræsinguna.
- um sé að ræða meiðsli sem skv. 5. grein laganna er heimilt að meðhöndla innan leikvallar:
 - markvörður sé meiddur.
 - markvörður og útileikmaður hafa skolið saman og þarfnast aðhlyningar.
 - leikmenn sama liðs hafa skolið saman og þarfnast aðhlyningar.
 - alvarleg meiðsli hafa orðið, sér í lagi höfuðmeiðsli (t.d. heilahristingur), hjartatengd eða lífshættuleg tilvik (t.d. flog, andardráttartruflanir o.s.frv.).
 - leikmaður verður fyrir meiðslum vegna líkamlegs brots sem leiðir til þess að mótherjinn er áminntur eða honum vísað af leikvelli (t.d. skeytingarlaus eða alvarlega grófur leikur).
 - vítaspyrna hefur verið dæmd og hinn meiddi leikmaður á að taka spyrnuna.